

# Frumvarp til laga

um

**breyting á lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta.**

(Lagt fyrir alþingi 1911).

---

1. gr. laganna orðist þannig:

Hver sóknarprestur fær að byrjunarlaunum 1300 kr. á ári. Eftir 10 þjón-

ustuár fær hann í laun 1500 kr. á ári og eftir 20 þjónustuár fær hann í laun 1700 kr. á ári.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1911.

---

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í bréfi, dagsettu 2. nóvember þ. á., hefir biskup vakið athygli á ójöfnuði þeim í launum presta, er hlýtur að leiða af ákvæðum 1. gr. í lögum 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta, og þegar er fram kominn. Skýrir hann frá því, að hinn 12. september 1886 hafi 10 prestar verið vígðir og allir fengið veitingu fyrir prestsembætti frá fardögum 1886. Af þeim sé 1 látinn, 1 hafi fengið lausn, 1 hafi verið embættislaus nokkur ár, en 7 hafi óslitið þjónað embættum. Af þeim hafa 2 verið fluttir upp í efsta launaflokk í síðastliðnum fardögum, en 5 eru taldir í miðflokki, og eru 3 af þeim komnir undir hin nýju launalög og verða þeir með lögnum óbreyttum að biða enn 2—3 ár í miðflokki. Eftir anda laganna, sem miða launahækkun presta við embættisaldur, eiga prestar þessir jafnan rétt til þess að hljóta launahækkunina samtímis, enda gefa lögin enga leiðbeiningu um það, hvernig fara eigi að, er svo stendur á, og er því eðlilegt, að þeim prestum, er sitja á hakanum, finnist sér ójöfnuður sýndur. Verður stjórnarráðið að vera biskupi öldungis samdóma um, að löggjöf og landsstjórn megji ekki bjóða embættismönnum sínum slíkt.

Þetta dæmi, þótt væntanlega ekki í eins stórum stíl, getur komið fyrir hvert árið eftir annað.

Til þess að fyrirbyggja þennan ójöfnuð þarf að breyta 1. gr. laganna á þann hátt, er farið er fram á í frumvarpi þessu, og það er því meiri ástæða til að kippa þessu í lag, sem hér er ekki nema um tiltölulega litla fjárupphæð að ræða, og það ekki nema í bili; því þegar fram í sækir má ganga að því vísu, að með þeim embættisaldri, er hér er farið fram á, 10 ár og 20 ár, verði í hverjum launaflokki sem næst þriðjungur þjónandi presta landsins.

Að öðru leyti vísast til bréfs biskups, sem lagt verður fyrir þingið.

---